

27. nóvember 2007  
SI-36610

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 22. nóvember 2007 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum, 229. mál.

Í fyrsta lagi er lagt til að tilteknar leyfisveitingar verði færðar frá fjármálaráðuneytinu til tollstjórans í Reykjavík vegna geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur. Í öðru lagi er lagt til að mótuð verði ný tegund geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur, svokallaðar umflutningsgeymslur. Í þriðja lagi er lagt til að allir lögaðilar í atvinnurekstri geti rekið afgreiðslugeymslur en ekki einungis farmflytjendur og tollmiðlarar. Þessi atriði frumvarpsins fjalla um tæknimál og framkvæmdaatriði við tollheimtu sem Seðlabankinn hefur ekki sérstaka þekkingu á og tjáir sig þar af leiðandi ekki um.

Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum 19. gr. laganna um tollafgreiðslugengi í þá veru að í stað þess að miða við gengi 28. hvers mánaðar skuli tollafgreiðslugengi taka mið af daggengi næsta virka dags á undan. Seðlabankinn gerir ekki athugasemd við þessa breytingu enda eðlileg þar sem gengi íslensku krónunnar er ákvarðað á gjaldeyrismarkaði hvern virkan dag og opinbert viðmiðunargengi skráð daglega af Seðlabanka Íslands.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson  
bankastjóri